



Orlando, nýr valkostur í orlofshúsum.

Félagsfundir

Vegna fyrirhugaðrar sameiningar Félags iðn- og tæknigreina og Sveinafélags pípulagningarmanna er boðað til tveggja félagsfunda í FIT til að afgreiða tillögu um sameiningu og laga-breytingar sem slík sameining kallar á. Einnig verður lögð fram lagabreytingartillaga um lækkun á félagsgjaldi og breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs.

Vakin er athygli á að fundirnir eru báðir sama daginn og boðið verður uppá pizzur og gosdrykki á milli funda.

Boðað er til félagsfundar fimmtudaginn 8. nóvember, kl. 18.00 í Borgartúni 30, 6. hæð.

Dagskrá:

1. Fyrri umræða og tillaga um sameiningu FIT og SP.
2. Lagabreytingar, fyrri umræða:
 - 1.grein, um starfssvæði
 - 11.grein, um félagsgjald
 - 16.grein, um fjölda stjórnarmanna
 - 17.grein, um kosningu stjórnar
 - 20.grein, um trúnaðarráð
 Bráðabirgðaákvæði vegna sameiningar við SP
3. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs FIT, fyrri umræða
 - 10.3 grein, um útfararstyrk
4. Önnur mál

Stjórn FIT

Boðað er til félagsfundar fimmtudaginn 8. nóvember, kl. 20.00 í Borgartúni 30, 6. hæð.

Dagskrá:

1. Síðari umræða og tillaga um sameiningu FIT og SP.
2. Lagabreytingar, síðari umræða:
 - 1.grein, um starfssvæði
 - 11.grein, um félagsgjald
 - 16.grein, um fjölda stjórnarmanna
 - 17.grein, um kosningu stjórnar
 - 20.grein, um trúnaðarráð
 Bráðabirgðaákvæði vegna sameiningar við SP
3. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs FIT, seinni umræða
 - 10.3 grein, um útfararstyrk
4. Önnur mál

Stjórn FIT

Sveinafélag pípulagningarmanna og Félag iðn- og tæknigreina

Kæru félagar!

Hlutverk stéttarféлага í samfélagi nútímans hefur um margt breyst frá því sem áður var og gegna þau nú í auknum mæli þjónustuhlutverki samhliða því að vera málsvari og baráttutæki launafólks. Þróun samfélagsins hefur verið hröð undanfarin ár og hafa stéttarfélög lagað sig að breyttri samfélagsmynd með margvíslegum hætti eða allt frá því að auka samstarf sín á milli yfir í að sameinast og mynda stærri einingar.

Stjórnir Sveinafélags pípulagningarmanna og Félags iðn- og tæknigreina ákváðu fyrir nokkru að hefja viðræður um hugsanlega sameiningu félaganna.

Tilgangurinn með viðræðunum hefur verið að finna leiðir til að auka þjónustustig félaganna og bæta kjör og menntun félagsmanna. Markmiðið er að búa til heildstætt félag sem hefur styrk til að mæta væntingum félagsmanna sinna til framtíðar.

Helgi Pálsson,

formaður Sveinafélags pípulagningarmanna

Hilmar Harðarson,

formaður Félags iðn- og tæknigreina



Frá nemakeppni í pípulögnum sem haldin var í Kringlunni.

Öflugt félag til framtíðar

Skipulag félagsins byggir á því að lýðræði innan þess sé tryggt og að sem flestir félagsmenn í starfsgreinum og landsvæðum verði virkir í félagsstarfinu. Félagið verður opinn vettvangur fyrir félagsmenn til að koma málefnum á framfæri og leggja baráttunni fyrir bættum kjörum og félagslegu réttlæti lið. Heimasíðan og nýjasta samskiptatækni verður m.a. nýtt til að tryggja þetta.

Félagið verður aðili að Samiðn og mun taka fullan þátt í starfi sambandsins. Lögð er áhersla á að Samiðn verði áfram til sem sterkt og öflugt samband fyrir félög í iðn- og tæknigreinum.

Aðalfundur verður æðsta vald félagsins og þar verður kosið til trúnaðarstarfa. Öllum fullgildum félagsmönnum verður heimilt að bjóða sig fram í einstök embætti.

Á aðalfundi verður auk þess fjallað um lög, reglugerðir, starfshætti og fjármál félagsins.

Trúnaðarráð verður skipað 31 aðalmönnum og 31 varamönnum ef af sameiningu verður. Sveinafélag pípulagningarmanna fengi tvo fulltrúa og tvo til vara. Kjörtímabil verður tvö ár og kosið um helming ráðsins árlega á aðalfundi félagsins. Auk þess munu allir trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum eiga sæti í trúnaðarráði. Trúnaðarráð auk stjórnar verður samninganefnd félagsins.

Stjórn félagsins verður skipuð tólf aðalmönnum auk fimm varamanna þar sem Sveinafélagið fengi einn aðalmann í stjórn. Varamenn í stjórn eru boðaðir á stjórnarfundi og hafa þar málfrlsi og tillögurétt.

Stjórnarmenn verða kosnir til tveggja ára í senn. Kosningu verður skipt milli ára þannig að annað árið verður kosinn formaður, ritari, fjórir meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrjú varamenn.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á öllum rekstri og starfi innan félagsins en gert er ráð fyrir að hún geti falið öðrum framkvæmd ýmissa mála.

Aðalstjórn félagsins verður jafnframt stjórn sjúkrasjóðs.



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30 - Sími 535 6000

Ábyrgðarmaður:
Hilmar Harðarson.

4. tbl. 5. árg. nóvember 2007

Prentumsjón:
Stafræna prentsmiðjan ehf - www.smidjan.is

Félagar geta þeir orðið sem starfa í eftirtöldum iðngreinum: bygginga- og mannvirkjagerð, farartækja- og flutningsgreinum, hönnun, listum, handverki, málm- og véltæknigreinum, vélstjórn, þjónustugreinum og náttúrunýtingu. Auk þess namar í áðurtöldum greinum.

Félagssvæði verður það sama og hjá núverandi félögum en misjafnt eftir starfsgreinum. Þannig nær t.d. náttúrunýting (garðyrkja) yfir allt landið og farartækjapátturinn að mestu leyti. Sama má segja um blikksmiðahluta málmtekninnar. Félagssvæði byggingamanna mun breytast þannig að pípulagningarhlutinn nái yfir allt landið.

Félag iðn- og tæknigreina er einnig aðili að stóriðjusamningum við Alcan (Ísal), Íslenska járnblendifélagið og Norðurál.

Faggreinafundir og fræðslumiðstöðvar

Við sameiningu félagna verður engin breyting á aðild starfsgreina að iðunni fræðslusetri og fræðslumálum garðyrkjugeirans. Faggreinafundir verða mikilvægur þáttur í starfseminni. Þó kjaramál falli að mestu leyti undir stjórn og samninganefnd / trúnaðarráð félagsins þykir nauðsynlegt að skapa vettvang þar sem einstakar faggreinar innan félagsins geta rætt þann hluta kjaramála sem er sértækur fyrir viðkomandi faggrein en einnig er þar vettvangur umræðna um menntamál og önnur sérmál.

Meginmarkmið

Helstu markmið félagsins verða:

- Að gæta hagsmuna félagsmanna í kjara- og réttinda-málum.
- Að vera öflugt fagfélag sem er stefnumótandi í mennta-málum og gæta hagsmuna félagsmanna á sviði mennta-og fagmála.
- Að vera öflugur bakhjarl félagsmanna með öflugum tryggingasjóðum
- Að veita félagsmönnum fyrirmyndar þjónustu og vera öflugt í upplýsingagjöf til þeirra
- Að kynna starfsgreinar félagsmanna þannig að þær verði eftirsóknarverður starfsvettvangur.
- Að vera opinn vettvangur félagsmannsins til að hafa áhrif á faglega stöðu sína, kjör og réttindi.

Á traustum grunni

Félagsmenn þeirra félaga sem standa að sameiningunni eru um 3.600 og eignir félagna rúmar 1.300 milljónir króna ef miðað er við síðustu áramót. Stefnt er að því að félagsgjald í hinu nýja félagi lækki en það er nú 1% af heildarlaunum.

Markviss þjónusta

Þjónustupátturinn er einn megin ávinningur sameiningarinnar í því markmiði að sinna félagsmönnum, trúnaðarmönnum, nefndarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum með markvissum hætti. Þeir hafi greiðan aðgang að upplýsingum og sérfræðiþjónustu þar sem þeir fá skjóta úrlausn sinna mála. Þetta markmið nær yfir alla starfsemi félagsins hvort sem það tengist félagslegu eða faglegu starfi þess. Félagið verður með aðalskrifstofu í Reykjavík auk þess eru einnig skrifstofur á Akranesi, Selfossi, Vestmannaeyjum og Reykjanesbæ en þar er einnig rekin mælingastofa fyrir tréiðngreinar á vegum félagsins. Áfram yrði rekin mælingstofa fyrir pípulagnir í Reykjavík.

Félagið mun vinna að því að trúnaðarmenn verði starfandi á öllum vinnustöðum með tíu manns eða fleiri og á sem flestum með 5-10 manns. Félagið mun kappkosta að koma upp tengslaneti á vinnustöðum þar sem ekki eru trúnaðarmenn.

Sterkir sjóðir

Sjúkrasjóður félagsins hefur það meginverkefni að tryggja afkomu sjóðsfélaga ef veikindi eða slys ber að höndum. Það verður gert með tekjutengdum greiðslum, 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu sex mánuðum í allt að 270 daga, sem hefjast þegar veikindarétti hjá launagreiðanda lýkur og þar til sjóðsfélagi verður vinnufær að nýju eða hefur kost á bráðabirgða-örorku frá lífeyrissjóði. Auk þessa getur sjóðsfélagi á sama tíma, sótt dagpeninga til Tryggingastofnunar u.þ.b. 30 þús. krónur á mánuði.

Einnig styrkir sjóðurinn sjóðsfélaga ef um langvarandi veikindi maka eða barna er að ræða sem leitt hafa til tekjumissis sjóðsfélaga.

Sjóðurinn mun taka þátt í fyrirbyggjandi meðferðum á fjölbreyttan hátt og er félagsmönnum veitt ráðgjöf um úrræði ef veikindi eða slys verða. Verður það gert með upplýsingagjöf til sjóðsfélaga og lögfræðilegri aðstoð þar sem hún á við.

Vinnudeilusjóður

Öflugur vinnudeilusjóður er nauðsynlegt hjálpartæki til að ná sem bestum árangri í kjaraviðræðum. Hlutverk sjóðsins verður að tryggja félagsmönnum framfærslu ef til vinnudeilu kemur. Verulegir fjármunir liggja í þeim sjóði nú þegar.

Orlofssjóður

Félögin eiga í dag 28 orlofshús og eru þau flest vel búnir heilsársbústaðir með heitum pottum eða gufubaði. Þá hefur nýlega verið keypt 6 herbergja íbúð í Orlando á Flórída. Ýmsir aðrir kostir eru í boði yfir sumartímam t.d. tjaldvagnar og boðið hefur verið upp á ódýrar ferðir í samstarfi við ferðaskrifstofur. Félagið hefur einnig yfir að ráða íbúð í Torrevieja á Spáni sem er til útleigu árið um kring. Áfram verður unnið að uppbyggingu orlofsvalkosta félagsmanna bæði hér á landi og erlendis.

Kosning um sameiningu

Það er á valdsviði hvors félags að ákveða hvernig kosning um sameiningu fer fram. Hvort félag kys fyrir sig og talið verður í hvoru félagi fyrir sig. Samkvæmt lögum félagna þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða til þess að sameining sé samþykkt.

Nánari upplýsingar

Sveinafélag

pípulagningarmanna,

Skipholt 70, 105 Reykjavík
sími 553 8060 - helgi@pip.is
www.pip.is

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 535 6000, fit@felag.is
www.felag.is



Flórída – Flórída – Flórída

Félagið hefur nú fest kaup á stóru og glæsilegu húsi í Orlandó á Flórída fyrir félagsmenn, húsið er með 6 herbergjum og rúmar 12 manns í gistingu. Eins og sést á myndunum er húsið vel búið öllum helstu þægindum og lítilli sundlaug og er félagsmönnum aðgengilegt árið um kring. Húsið er staðsett í Windsor Hills hverfinu sem er lokað svæði (resort) og hafa dvalargestir aðgang að allri aðstöðu þar s.s. klúbbhúsi með fjölbreyttri affþreyingu,

stórri sundlaug. Stutt er í Disneyland og eru margir mjög góðir og frægir golfvöllir á þessu svæði. Miðað er við að dvölin hverju sinni sé ein eða tvær vikur og er verðið kr. 45 þúsund fyrir vikuna.

Ekki verður um hefðbundna úthlutun á húsinu að ræða heldur gildir „fyrstur kemur, fyrstur fær“ og geta áhugasamir haft samband við þjónustuskrifstofuna 535 6000 til að fá frekari upplýsingar. Útleiga hefst um áramót.



Eldhúsið.



Sjónvarpsholið.



Borðstofan.



Stofan.



Úr garðinum við klúbbhúsið.



Hjónaherbergi.



Líkamsræktaraðstaðan í klúbbhúsinu.



Sundlaugin við húsið.



Góð aðstaða er við sundlaugina við klúbbhúsið.



Vatnsrennibraut.



Sundlaugin er vinsæl hjá börnunum.

74 nýsveinar boðaðir til útskriftar

Sveinsbréf afhent

Þann 28 september stóð FIT fyrir athöfn þar sem afhent voru sveinsbréf. Athöfnin fór fram í Kiwanishúsinu við Engjateig. Alls voru 74 nýsveinar boðaðir til útskriftar í 6 greinum. Bifvélavirkjun 17 sveinar. Bílamálun 9 sveinar. Bifreiðasmíði 8 sveinar. Blikksmíði 2 sveinar. Húsasmíði 23

sveinar og Málun 15 sveinar. Góð mæting var og þáðu gestir veitingar að lokinni afhendingu sveinsbréfanna.

Einungis ein stúlka var í öllum hópnum en það var Klara Jónasdóttir sem útskrifaðist í Blikksmíði.



Undirbúningur kjaraviðræðna

Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning fyrir komandi kjaraviðræður. FIT hélt fund í byrjun síðasta mánuðar með stjórn og trúnaðarráði þar sem Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ fór yfir drög að breytingum á sjúkra og slysarétti. Stefán Úlfarsson hagfræðingur ASÍ fór yfir launaþróun undanfarinna missera og að lokum var kallað eftir hugmyndum um áherslur í komandi kjaraviðræðum og samþykkt að fela Samiðn samningsumboð í komandi samningum.

Um miðjan síðasta mánuð stóð Samiðn fyrir tveggja daga vinnufundi á Selfossi þar sem mættir voru fulltrúar frá flestum félögum innana Samiðnar. Þar var unnin mikil vinna við undirbúning kröfugerðar. FIT átti 30 fulltrúa á fundinum og þótti hann takast mjög vel.

Á fundi miðstjórnar 16. október s.l. voru samþykkt drög að kröfugerð og ákveðið að miðstjórnin yrði samninganefnd fyrir Samiðn. Einn fundur hefur verið haldinn í samninganefndinni þar sem kröfurnar voru ræddar og mótaðar frekar og gerð hefur verið viðræðuáætlun við Samtök Atvinnulífsins. Formlegar viðræður munu hefjast á næstu dögum.



Desemberuppþót

Desemberuppþóttin í ár er kr. 41,800 og kr. 26,200 fyrir iðnnema. Starfsmenn sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sama fyrirtæki og eru við störf hjá fyrirtækinu í síðustu viku nóvember eða í fyrstu viku desember skulu eigi síðar en 15. desember frá greidda desember-

uppþót. Starfsmenn í hlutastarfi sem uppfylla sömu skilyrði skulu fá greitt hlutfallslega. Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur, eða meira, fyrir utan orlof. Starfsmenn með skemmri starfstíma skulu fá greitt hlutfalls-

lega miðað við starfstíma sinn. ATH. Við starfslok ber að greiða desemberuppþót í hlutfalli við starfstíma á árinu.

Útreikningur ef full desemberuppþót næst ekki: 41.800 deilt með 45, sinnum unnar vikur

Ferð heldri félagsmanna 2007



Íbúð í Reykjavík

Við sameiningu FIT og Sveinafélags járníðnaðranna í Vestmannaeyjum bættist íbúð í Reykjavík við orlofshúsafloruna. Íbúðin sem er í blokk að Hátúni 4 er tveggja herbergja og gert ráð fyrir 4 í gistingu. Leigan er frá degi til dags og verða þeir sem áhuga hafa á að leigja að hafa samband við þjónustuskrifstofuna.

Út í bláinn

Út í bláinn eru skemmilegar óvissuferðir sem FIT í samstarfi við TR býður félagsmönnum sínum upp á síðasta sunnudag í hverjum mánuði fram á vor. Lagt er af stað frá Borgartúni 30 klukkan 13:00 og yfirleitt er stefnt að heimkomu um klukkan 17:00. Ferðirnar eru þó mislangar og stundum er fengin rúta en einnig er farið í gönguferðir um borgina undir leiðsögn fróðra manna. Fyrsta ferð ársins verður farin sunnudaginn 27. janúar og er mæting, eins og áður segir, í Borgartúni 30 klukkan 13:00.

Orlofshúsin á vefnum

Nú er búið að taka í notkun nýtt bókunarkerfi fyrir orlofshúsin á vefnum. Kerfið tekur enn sem konið er bara yfir helgarnar en til stendur að bæta úr því. Þeir sem bara eru að hugsa um helgarleigu geta bókað greitt með kreditkort og prentað samninginn út strax. Þeim sem ekki hafa kreditkort eða vilja fá aukadaga er bent á að hafa samband við þjónustuskrifstofuna.

Bridge

Bridgespilaramir eru á fullu þessa dagana og enn eru eftir nokkur mót til áramóta.

15.11 Járnsmiðabikarinn

29.11 FIT-bikarinn

15.12 FIT-bikarinn

Framhaldið eftir áramót verður auglýst á heimasíðunni www.felag.is



TRYGGÐU LÍFSGÆÐIN



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • Sími 510 5000 • lifeyrir.is

HAGSTÆÐ ÖRORKUVERND FYRIR UNGA FÓLKID

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður þeim sem eru á aldrinum 18-44 ára og eru með séreignarsparnað hjá sjóðnum sérstaka örorkuvernd í samvinnu við Vátryggingafélag Íslands hf.

Örorkuverndin er sniðin að þörfum ungs fólks sem er að hefja störf á vinnumarkaði en hentar einnig þeim sem vilja auka vernd sína komi til varanlegs heilsubreysts og þeim er hverfa tímabundið af vinnumarkaði t.d. vegna náms.

Vátryggingarfjárhæðin er 25 milljónir króna fyrir 18-24 ára en lækkar síðan með hækkandi aldri og fellur aðild að vátryggingunni niður eftir að 45 ára aldri er náð.

Ef þú ert á fyrstu árum starfsferils þíns skaltu taka SÉREIGNARSPARNÆÐ MEÐ ÖRORKUVERND hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum með í reikninginn.